

3. fundur Betadeildar starfsárið 2018 – 2019 haldinn 16. Janúar á heimili Maríu Gunnarsdóttur að Hjallatröð 1 á Hrafnagili.

1. Setning fundar

Sigríður setti fund og þakkaði Maríu Gunnarsdóttur fyrir að bjóða Betadeild inn á heimili sitt og færði henni rós. Jórunn kveikti á kertum og tók Þorgerður Sigurðardóttir síðan við fundarstjórn.

2. Erindi frá stjórn

- Sigríður sagði frá beiðni landssambandsforseta um að félaganúmer kvenna verði sett inn á félagatalið á heimasíðunni þar sem alþjóðasamtökin eru að reyna að netvæða fréttaflutning, fræðsluerindi, skráningar og fleira eins og hægt er. Eýgló hefur þegar sett inn félaganúmer nær allra í Betadeild og fékk hún þakkir fyrir.
- Sigríður minnti á alþjóðþingið og að komið væri að því að konur gætu skráð sig á þingið og opnað hafi verið fyrir pantanir á gistingu á Hotel Natura. Ákveðið var að ræða þátttöku Betakvenna á næsta fundi.
- Sigríður hvatti Betakonur til að huga að tilnefningu eða framboði í stjórn DKG. Einnig sagði hún að boðið væri upp á þjálfun fyrir stjórnarkonur 23. – 24. júlí.
- Sigríður minnti á þá umræðu sem átti sér stað á fyrsta fundi um að færa fundartíma Betadeildar fram til kl. 19:00. Ákveðið var að sú umræða verði sett á dagskrá næsta aðalfundar.
- Sigríður tók jólafundinn til umræðu þar sem brösuglega hafði gengið að koma honum á og mikil forföll urðu vegna veðurs. Þar af leiðandi varð nokkur mismunur á innkominni greiðslu fyrir matinn og kostnaði. Sigríður bar það undir konur hvort þeim þætti eðlilegt að skipta þessum mismun milli Beta- og Mýdeilda og að sjóður félagsins greiði það sem upp á vanti. Það var samþykkt.
- Sigríður sagði frá umræðu um að Ný-deild hafi sýnt áhuga á að koma á jólafund með Beta- og Mý-deildum. Þar sem sú umræða hafði aldrei komist á formlegar nótur varð ekki af því að þessu sinni. Rætt var um samstarf deildanna og almennt talið að stjórnir deildanna þyrftu að ræða saman og ákveða skipulag.

3. Fundargerðir lesnar

Elín las fundargerðir funda frá 15. október og frá jólafundi. Voru þær samþykktar með nokkrum leiðréttingum.

4. Bókaumræða

Undirbúningshópur stýrði umræðum um þær bækur sem Betakonur völdu að segja frá. Hverri konu voru úthlutaðar þrjár mínútur til frásagnar og sá Helena um tímavörsluna. Fjallað var um fjölbreytt úrval bóka og í lokin fór fram val á tveimur bókum til að fjalla um á fundi í mars. Fyrir valinu urðu bækurnar *Ungfrú Ísland* eftir Auði Övu Ólafsdóttur og *Sæluvíma* eftir Lily King. Kaffihlé var tekið þegar umræður voru um það bil hálfnaðar. Sigríður flutti þá kveðjur frá fjarstöddum konum og pyngjan góða fékk að ganga. Einnig var dregið í happdrættinu og var það Fríða Pétursdóttir sem hreppti vinninginn að þessu sinni.

4. Fundarslit

María Gunnarsdóttir slökkti á kertunum og Sigríður þakkaði konum fundarsetuna og sleit fundi kl. 21:45.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir